

Verkefnið

„Við kunnum að kenna íslensku”

Þetta eru aðferðirnar sem við notum til að gera okkur skiljanleg í samkiptum við þá sem eru að læra íslensku

Við kinkum kolli, brosum, bendum og segjum.
Við erum þolinmóð og gefum okkur tíma til að hlusta.
Við teljum upp að fimm þegar við bíðum eftir svari.
Við kunnum að umorða og einfalda mál okkar.
Við tölum skýrt og á eðlilegum hraða og ekki of hátt.
Við notum svipbrigði og líkamstjáningu og alltaf líka talmálið.
Við endurtökum á réttan hátt í stað þess að leiðrétta.
Við notum sjónrænar stoðir í umhverfi okkar.
Við hlæjum saman að mistökum okkar.
Við teiknum til að útskýra mál okkar.
Við notum íslensku og hvetjum aðra til þess.
Við segjum líka á íslensku þegar við notum ensku.
Við segjum hlutina saman í kór.
Við tryggjum að gagnkvæmur skilningur sé til staðar. Við spyrjum hvað sagði ég, hvað meinti ég?
Við bjóðum upp á val. Við spyrjum ekki hvað viltu, heldur bendum við og spyrjum: Viltu kaffi eða viltu te? Viltu kók eða viltu bjór?
Við komum skilaboðum beint til viðkomandi.